



Kópavogi, 16. maí 2024
2402871/001.00 SMK

Erindisbréf Matshóps B í lýðræðisverkefninu Okkar Kópavogur.

Markmið verkefnisins Okkar Kópavogur:

Verkefnið er liður í auknu lýðræði í sveitarfélaginu og er tilgangurinn að bæta tengsl bæjaryfirvalda við íbúa, færa íbúum aukna ábyrgð og virkja þá í aukinni þátttöku í ákvarðanatöku um framkvæmdir í bænum. Auk þess er verkefninu ætlað að hafa áhrif á bætta líðan og upplifun bæjarbúa á nærsamfélaginu, og gera hverfin vistlegri, skemmtilegri og fjölbreyttari.

Markmið verkefnisins er að:

- hvetja íbúa til að láta sig nærumhverfið varða og hafa skoðun á því,
- íbúar komi hugmyndum sínum á framfæri,
- íbúar taki þátt í að ráðstafa fjármagni sveitarfélagsins.

Hlutverk matshópa A og B:

Tveir matshópar eru skipaðir á meðan verkefnið Okkar Kópavogur stendur yfir, matshópur A er skipaður starfsfólki af stjórnsýslu- og umhverfissviði en matshópur B er skipaður starfsfólki allra sviðanna. Hlutverk hópanna er að fara yfir innsendar hugmyndir íbúa í hugmyndasöfnun og leggja fram ákveðinn fjölda hugmynda sem fer í kosningu á meðal íbúa.

Mikilvægt er að huga að því að hafa hugmyndirnar fjölbreyttar, fyrir fjölbreytta notendahópa og dreifa þeim nokkuð jafnt um bæinn.

Hlutverk matshóps B er að:

- Kynna sér framlagðar hugmyndir frá matshóp A eftir að hugmyndasöfnun í Okkar Kópavogi lýkur.
- Leggja fram 13 hugmyndir og 7 til vara úr hverju hverfi, sem fara í kosningu.

Matshópur B:

Hópurinn er skipaður starfsmönnum af öllum sviðum bæjarins, sviðsstjóri hvers sviðs skipar tvo starfsmenn í hópinn fyrir miðjan september það ár sem hugmyndasöfnun er í gangi. Í matshópi B eru:

- Tveir starfsmenn umhverfissviðs
- Tveir starfsmenn stjórnsýslusviðs
- Tveir starfsmenn menntasviðs
- Tveir starfsmenn velferðarsviðs

Áætlað er að hópurinn fundi 4-5 sinnum. Hópurinn fer yfir framlagðar tillögur og leggur fram allt að 50 hugmyndum úr hvorum bæjarhluta fyrir sig og 10 til vara. Alls allt að 100 hugmyndir og 20 til vara.

Matshópur B starfar í um tvær vikur um það bil tveimur til þremur vikum eftir að hugmyndasöfnun lýkur. Dagsetningar geta tekið breytingum.

Verkefnastjóri íbúatengsla og Okkar Kópavogs, boðar fundi, heldur fundargerðir, undirbýr gögn fyrir matshóp og kosningakerfi. Hópurinn getur leitað til garðyrkjustjóra og annarra í stýrihóp verkefnisins ef álitamál koma upp.

Að öðru leyti er vísað í verkefnalýsingu verkefnisins.